

Reifun á úrskurði nr. 7/2019 – Höfnun niðurfellingar aðflutningsgjalda af gjöf

E kærði til úrskurðar ákvörðun Tollstjóra um höfnun beiðni um niðurfellingu aðflutningsgjalda af gjöf. Um er að ræða sendingu sem barst hingað til lands frá lögaðila sem þakklætisvottur vegna vinnu kærða fyrir sendanda. Fór kærandi fram á endurgreiðslu gjalda.

Niðurstaða: Um lagagrundvöll fer eftir a-lið 8.tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Samkvæmt nefndum ákvæðum skuli gjafir sendar sem sendar eru hingað til lands vera tollfrjálsar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Meðal skilyrða eru að um sé að ræða gjafir sem aðilar búsettir erlendis senda hingað til lands og að gjöfin sé til handa einstakling vegna tilefnis í einkalífi viðkomandi, svo sem vegna jóla, afmælis eða fermingar. Niðurstaða Tollstjóra var sú að staðfesta ætti hina kærðu ákvörðun, þar sem samkvæmt aðflutningsskjölum og gögnum málsins mátti ráða að sendingin var send af lögaðila, en Tollstjóri hefur túlkað áðurgreind ákvæði á þann veg að að sendandi gjafar skuli vera einstaklingur búsettur erlendis. Þá kom fram í gögnum málsins að gjöfin var send kæranda sem þakklætisvottur fyrir unna vinnu, en slíkt telst ekki til tilefnis sem tengist einkalífi kæranda líkt og skilyrt er skv. 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008.